

Minnkað starfshlutfall

Hlutfallslegar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi

Peir sem eru í 50% vinnu eða meira

Þegar launamaður hefur þurft að draga úr starfshlutfalli sínu að kröfu vinnuveitanda **skerða þau laun sem hann heldur fyrir 50% eða hærra starfshlutfall ekki fjárhæð atvinnuleysisbóta** sem hann fær greidda samhliða starfi sínu.

Umsækjandi þarf í umsókn að gera **grein fyrir starfshlutfalli sínu og skrá áætlaðar tekjur** í hlutastarfinu. **Mánaðarlega** þarf hann einnig að **skila inn til Vinnumálastofnunar afriti af launaseðlum sínum.**

Aðrar greiðslur en þær sem eru fyrir nánar tilgreint starfshlutfall, svo sem yfirvinnugreiðslur og bónusgreiðslur hvers konar, sem viðkomandi kann að fá fyrir sama tímabil **skerða þó atvinnuleysisbætur samkvæmt almennum reglum laga** um atvinnuleysisstryggingar.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur

Útreikningur á hlutabótum þegar starfshlutfall er meira en 50% er með þeim hætti að fundið er út hversu háar tekjutengdar bætur umsækjandi hefði átt rétt á hefði hann misst starf að fullu og hann fær síðan hlutfall af þeim bótum í samræmi við starfsmissinn.

Jafnframt ákveður starfshlutfallið þann tíma sem umsækjandi fær greiddar tekjutengdar bætur. Miðað er við meginregluna að tekjutengdar bætur séu greiddar í þrjú mánuði. Það tímabil lengist í réttu hlutfalli við minnkað starfshlutfall, þ.e. 50% starf veitir rétt til tekjutengingar í 6 mánuði, 75% starf í 12 mánuði osfrv. Að þeim tíma loknum á launþegi rétt að óskertu hlutfalli af **grunnbótum** miðað við starf.

Dæmi:

Launamaður A sem hefur 250.000 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf en hefur þurft að minnka við sig starfshlutfall um 25% vegna samdráttar og sækir um 25% atvinnuleysisbætur.

Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann því átt rétt á 175.000 kr. í tekjutengdar atvinnuleysisbætur og þar sem hann sækir um 25% bætur á hann rétt á 43.750 kr. á mánuði:

| | |
|---------------------------------|---------------|
| Tekjur fyrir 75% starfshlutfall | kr. 187.500,- |
| 25% atvinnuleysisbætur | “ 43.750,- |
| Samtals á mánuði | kr. 231.250,- |

Þar sem hann fær greiddar 25% atvinnuleysisbætur á hann rétt að tekjutengingunni í 12 mánuði.

Launamaður B sem hefur 400.000 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf en hefur þurft að minnka við sig starfshlutfall um 50% vegna samdráttar og sækir um 50% atvinnuleysisbætur.

Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann því átt rétt á 220.729 kr. á mánuði sem er hámarksútgreiðsla á tekjutengdum atvinnuleysisbótum og þar sem hann sækir um 50% bætur á hann rétt á 110.365 kr. á mánuði:

| | |
|---------------------------------|--------------------|
| Tekjur fyrir 50% starfshlutfall | kr. 200.000,- |
| 50% atvinnuleysisbætur | “ <u>110.365,-</u> |
| Samtals á mánuði | kr. 310.365,- |

Þar sem hann fær greiddar 50% atvinnuleysisbætur á hann rétt að tekjutengingunni í 6 mánuði.

Fleira en eitt hlutastarf

Ef samtala hlutastarfa er 49% eða minna þá gilda reglurnar um frítekjumarkið skv. 36. gr.

Ef samtala hlutastarfa er 50% eða meira koma tekjur af því starfi sem var minnkað ekki til frádráttar atvinnuleysisbóta.

Þeir sem eru í 49% starfi eða minna:

Ef starfshlutfall er 49% eða minna gilda reglurnar um frítekjumarkið skv. 36. gr.

Þegar samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbætur eru hærri en sem nemur óskertum rétti til atvinnuleysisbóta að viðbættu frítekjumarki **skal skerða atvinnuleysisbætur um helming þeirra tekna sem umfram eru.**

Frítekjumark er **53.716** kr. á mánuði.